

# Fræðsla um Mannréttindastefnu Reykjavíkur

Fræðslan er fyrst og fremst fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar. Farið er yfir mismunandi þætti mannréttindastefnunnar og rætt um dæmi sem varpa skýrara ljósi á stefnuna. Fræðslan er í fyrirlestraformi og það er einnig hvatt til umræðu. Fyrirspurnir vegna þessa eða beiðni um fræðslu má senda á [mannrettindi@reykjavik.is](mailto:mannrettindi@reykjavik.is)

---

## Jafnréttisfræðsla skiptir máli



---

**Jafnréttisfræðsla á að fara fram á öllum skólástigum!**



---

# Rósalín – Falleg stutt teiknimynd með hinsegin ívafi

Samtökin '78 hafa gefið út fallega stutta teiknimynd með hinsegin ívafi sem ber nafnið Rósalín. Jafnréttisskóli Reykjavíkur styrkti íslenska útgáfu myndarinnar. Um er að ræða fimm mínútna mynd sem brýtur upp prinsessustaðalmyndina og er liður í því að fagna fjölbreytileikanum. Það er mikilvægt fyrir börn að eiga aðgang að barnaefni sem býður upp á allt litróf mannlífsins og því fögnum við útgáfu þessarar teiknimyndar. Myndina er að finna í hugmyndabankanum, undir leikskóli og yngsta stig. Njótið vel

---

## Kynjuð leikföng

Ert þú að vinna með börnum, ertu foreldri eða áttu yngri systkini? Hefur þú velt því fyrir þér hversu kynjuð leikföng geta verið? Hefur þú velt því fyrir þér hvaða áhrif kynjuð leikföng hafa á félagsmótun barna?

Kíktu í hugmyndabankann, veldu leikskólastig eða yngsta stig og lestu meira um stelpuleikföng og strákaleikföng!

---

# Typpið mun finna þig – Málþing

*Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin fræðsla* er verkefni sem Sólveig Rós M.A. í stjórn málafræði vann í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Sólveig Rós mun halda fyrirlestur um rannsókn sína og niðurstöður þann 12. apríl n.k. í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur frá kl. 16:00 til 17:15.

Markmið verkefnisins var að skoða hvort að kynfræðslukennsla í unglingsdeildum grunnskóla Reykjavíkurborgar tæki tillit til hinsegin nemenda eða hvort að fræðslan gangi út frá því að nemendur séu gagnkynhneigðir.

Niðurstöður úr rannsókninni gefa sterkar vísbendingar um að hinsegin kynfræðslu sé verulega ábótavant í grunnskólum borgarinnar. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að þrátt fyrir það að kennarar reyni að hafa hinsegin nemendur í huga við kennslu þá er það upplifun nemenda að það sé gert ráð fyrir því að allir séu gagnkynhneigðir þangað til að annað kemur í ljós.

Mikil þögn ríkir um hinsegin kynvitundir og ódæmigerð kyneinkenni og hinsegin ungmenni upplifa kynjaðar væntingar um

hvernig þeirra kynhegðun skuli vera. Því er hægt að segja að hinsegin nemendur séu ekki að fá kynfræðslu við sitt hæfi. Hér eru því mikil tækifæri til að bæta kennsluefni og kennsluaðferðir og opna umræðuna um fjölbreytileika nemenda og þeirra þarfir.

Jón Ingvar Kjarran, nýdoktor og aðjúnkt við MVS Háskóla Íslands mun halda erindi sem ber heitið *Hinsegin menntunarfræði og hinsegin fræðsla*. Í erindinu ræðir hann inntak hinsegin menntunarfræða og veltir því fyrir sér hvernig hægt er að innleiða slíka nálgun í kennslu og skólastarfi. Enn fremur mun hann ræða núverandi Aðalnámskrá og hvað hún hefur að segja um hinsegin fræðslu. Að lokum mun hann velta því fyrir sér hvernig hinsegin fræðsla er framkvæmd innan skólakerfisins og hvað má gera betur í þeim efnum.

Rósa Guðný Arnardóttir sem starfar í Jafningjafræðslu Samtakanna '78 mun halda stutt erindi.

Umræður verða í lokin.

Málþingið er opið öllum og aðgangur er ókeypis.

Boðið verður upp á kaffi, te, kleinur og ávexti á meðan fyrirlestrum standa.

---

# Nýr kennsluvefur um jafnrétti fyrir mið- og unglíngastig grunnskóla

Ekki láta þetta framhjá ykkur fara!

Þóra Þorsteinsdóttir kennaranemi og kynjafræðingur hefur búið til kennsluvef um jafnrétti fyrir eldri nemendur grunnskólans. Vefurinn er hluti af meistaraverkefni Þóru í kennslufræði. Kennsluefnið er ætlað efri bekkjum grunnskóla 5.-10. bekk. Það samanstendur af sex æfingum og einu hópverkefni og hver æfing stendur sjálfstætt og því er frjálst að velja og nýta eitt verkefni. Stök æfing gæti átt heima í námsgreinum eins og samfélagsfræði, sögu, íslensku og stærðfræði. Séu verkefnin tekin saman standa þau sem heilt kynjafræðinámskeið sem hefst á sex æfingum sem allar miða að því að æfa nemendur í að geta unnið að hópverkefni sem ber heitið „Þetta er ekki æfing“.

Á vefnum má einnig finna kennsluefnið í prentvænni pdf útgáfu. Þar eru kennsluáætlanir fyrir æfingarnar og hópverkefnið, með tilheyrandi hæfniviðmiðum og lýsingum á nauðsynlegum gögnum. Framkvæmd kennslustundarinnar er lýst í skrefum. Það er tillaga að námsmati og að lokum er fræðilegur rökstuðningur. Hæfniviðmiðin eru unnin upp úr hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013) og sömuleiðis námsmatið sem er í bókstöfum eins og námskráin gerir ráð fyrir. Á þessum vef eru til viðbótar rafræn námsgögn sem ekki rúmast í prentvæna pdf skjalinu. Á vefnum eru tenglar að myndböndum, útprentanleg verkefni, myndir eða glærur, einnig eru tillögur að frekara efni til að skoða og tenglar á vefi með góðum upplýsingum.

[Ágæti kennari!](#)

---

# **„Typpið mun finna þig“ Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin kynfræðsla**

Er rými fyrir fjölbreytileika mannlífsins í kynfræðslu grunnskólanemenda?

Sólveig Rós Másdóttir fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna 2015 til að rannsaka hinsegin kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur. Sólveig vann rannsóknina í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu borgarinnar og skóla- og frístundasvið/Jafnréttisskólann. Niðurstöður úr rannsókninni gefa sterkar vísbendingar til þess að hinsegin kynfræðslu sé verulega ábótavant í grunnskólum borgarinnar. Jafnréttistorg mælir með því að allt starfsfólk skóla- og frístundasviðs og þá sérstaklega kennarar og skólastjórnendur lesi skýrsluna. Mikilvægt er að hver og einn meti stöðuna í sínum skóla og leiti leiða í kjölfarið til að bæta fræðsluna, öllum til hagsbóta.

Á þessari slóð má lesa skýrsluna í heild:

[nyskopunarsjodsverkefni\\_solveig\\_ros\\_2015\\_2\\_0](#)

---

# Ný skýrsla um kynjajafnrétti í leikskólum

Leikskólinn Geislabaugur hefur sent frá sér virkilega áhugaverða skýrslu sem segir frá þróunarverkefni um kynjajafnrétti í leikskólanum. Starfsfólk Geislabaugs hefur unnið að verkefninu undanfarin ár, þau hafa rekist á ýmsar hindranir, þurft að endurskoða sín eigin viðhorf og framkomu og breyta ákveðnum þáttum í starfinu en að verkefninu loknu eru þau stolt og ánægð með frábæran árangur. Þau ætla að halda áfram að vinna að markvissu jafnrétti í starfi sínu. Rennið endilega yfir þessa ótrúlega áhugaverðu skýrslu!

[http://geislabaugur.is/images/nu\\_skal\\_segja\\_throunarverkefni\\_i\\_leikskolanum\\_Geislabaugi.pdf](http://geislabaugur.is/images/nu_skal_segja_throunarverkefni_i_leikskolanum_Geislabaugi.pdf)

---

## Erum við öll jöfn? Áhugaverð bók um kynjamál og heimspeki

Jóhann Björnsson hefur gefið út afar áhugaverða bók sem fjallar um heimspeki og kynjamál. Jóhann skrifaði grein í veftímaritið Knúz.is þar sem hann segir frá því hvernig og hvers vegna bókin varð til. Greinin er endurbirt hér fyrir neðan með leyfi höfundar. Jafnréttistorg hvetur alla til að lesa umfjöllunina og næla sér í eitt (eða fleiri) stykki af þessari frábæru bók!



Þetta byrjaði allt árið 2008 þegar ég starfaði við fræðsludeild Alþjóðahúss. Mitt hlutverk var meðal annars að fara í fyrirtæki og skóla og ræða við fólk um fordóma og fjölmenningu, oftast en ekki þar sem útlendingaandúð var mikil. Sérstaklega er mér minnstæð ein vika sem ég dvaldi við grunnskóla nokkurn á Akranesi. Flóttafólkið frá Írak var væntanlegt í bæinn og vegna andstöðu ýmissa í bænum sem hafði áhrif á nokkra nemendur við grunnskólann var ég beðinn um að koma með fræðslu um fjölmenningu og fordóma í alla bekki á mið- og unglíngastigi.

Þegar ég undirbjó tímana velti ég því mikið fyrir mér hvernig ég gæti nálgast nemendurnar þannig að ég hefði traust þeirra en gæti á sama tíma vakið þá til vitundar og skynsamlegrar rökræðu um málefni flóttafólksins, um fjölmenningu og fordóma? Ég vissi að ég gæti mætt með reiðilestur þar sem ég færði þeim boðskapinn um fjölmenningslegt samfélag og kosti þess, en ég vissi það líka að slíkur reiðilestur væri boðun þar sem nemendurnir kæmst ekki sjálfir að eigin niðurstöðu í málinu. Svo ég ákvað að fara aðra leið.

Ég hafði lagt stund á heimspeki í háskólum, bæði hér á landi og í Belgíu. Í námi mínu fékk ég oft að heyra að markmið heimspekilegrar rökræðu væri að kryfja hin ýmsu mál, spyrja spurninga, rökræða, mynda sér skynsamlegar skoðanir og færa fyrir þeim rök. Þetta hljómaði alltaf vel innan veggja háskólanna, en virkar það þegar komið er út í alvöru hversdagsleikans og umdeild mál og flókin mæta manni? Það var



spurning sem ég spurði sjálfan mig að á þessum tíma.

Ég ákvað því að gera tilraun þarna á Akranesi. Ég ákvað að sleppa reiðilestrinum og bjóða nemendum til heimspekilegrar samræðu þar sem opnum spurningum yrði varpað fram og þeir beðnir um að mynda sér sjálfstæðar skoðanir, færa fyrir þeim rök, hlusta á og taka mið af öðrum sjónarmiðum sem fram kæmu í samræðunum, með það að markmiði að komast að bestu mögulegri niðurstöðu.

Til þess að gera langa sögu stutta þá gekk þetta upp. Ég var sáttur. Til þess að þetta gengi upp varð ég að treysta þeim sem tóku þátt fyrir því að lúta reglum samræðunnar. Með þessu trausti og með því að ég tæki bara þátt í samræðunum sem stjórnandi, án þess að þykjast vita betur eða hafa réttari eða betri skoðanir tókst okkur að velta upp fjölmörgum hliðum málsins, kostum og göllum, orsökum og afleiðingum, ýmsum álitamálum o.s.frv. Með þessari nálgun fór eitthvað að gerast. Hugur unga fólksins opnaðist og ég var ekki í öðru hlutverki en því að vekja til umhugsunar og leiða samræðurnar áfram. Mínar persónulegu skoðanir komu aldrei fram, en mörgum þeirra tókst að mynda sér skynsamegar skoðanir á málinu.

Eftir að hafa haldið áfram að vinna á þennan hátt í allmörg ár með grunnskólanemum, einkum í Réttarholtsskóla og börnum sem taka þátt í námskeiðum Siðmenntar fyrir borgaralegar fermingar varð úr að ég gaf út bókina *Eru allir öðruvísi? Fjölmennning og heimspeki* (2012). Í henni má finna fjölbreyttar kveikjur að samræðum, samræðuæfingar, örsögur og spurningar um fordóma og fjölmenningu þar sem markmiðið er að þátttakendur í heimspekilegum samræðum fái að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og færa fyrir þeim rök. Þarna hafði heimspekin verið notuð til að takast á við veruleikann sem staðið var frammi fyrir.

### **Kynjamálin tekin heimspekilegum tókum**

Í framhaldi þessarar reynslu dró ég þá ályktun að það hlyti að vera mögulegt að nota þessa nálgun til þess að takast á við

fleiri álitamál. Ég ákvað að skoða kynjamálin með sambærilegum hætti. Ég er ekki kynjafræðingur og veit ekkert um kenningar, stefnur og strauma í kynjafræði. Ég er heimspekingur og nálgast því málin á sambærilegan hátt og Sókrates nálgast viðfangsefni sín forðum daga, þ.e. að viðurkenna fáfræði sína og leyfa sér að spyrja opinna spurninga sem sumum kann eflaust að þykja barnalegar. Rétt eins og með fjölmeninguna og fordómna sem lýst var hér að framan vissi ég að umfjöllun um kynjamál væri vandasamt verkefni. Ekki þyrfti mikið útaf að bregða til þess að rifrildi yrði ofan á og átökin yrðu heiftarleg á milli fylkinga þar sem oftast en ekki væru drengir í annarri og stúlkur í hinn. Þess í stað vildi ég koma af stað samstarfsverkefni allra, drengja og stúlkna, sem og annarra sem ekki geta flokkað sig sem annað hvort drengi eða stúlkur, þar sem allir myndu hjálpast að við að komast að sem skynsamlegustum niðurstöðum.

Það er ekkert skrítið að fólk, hvort sem það eru unglingar eða fullorðnir telji að það eigi að rífast þegar álitamál eru rædd. Við höfum slæmar fyrirmyndir allt í kringum okkur. Nærtækast er að líta til Morfís kappræðukeppni framhaldsskólanna og samskiptanna á Alþingi. Þar er oftast en ekki kapprætt, rífast og alhæft með það að markmiði að sigra andmælandann í stað þess að rökræða. Með rökræðunni er reynt er að komast að því sem satt er, rétt, gott og fagurt eins og markmiðið er með heimspekilegum samræðum.

### **Erum við öll jöfn? Kynjamál og heimspeki**

Í bókinni *Erum við öll jöfn? Kynjamál og heimspeki* (2015), tek ég kynjamálin sambærilegum tókum og ég tók fjölmeningarmálin fyrir í bókinni *Eru allir öðruvísi? Fjölmening og heimspeki*. Í henni má finna ýmsar kveikjur, örsögur, spurningar og fullyrðingar sem miða að því að koma umhugsunarvirkni og samræðum af stað. Orðið kyn kemur víða við sögu í íslensku máli og kynjamál er orð sem hefur mjög víðtæka vísun s.s. í kynjajafnrétti, kynhneigð, kynjabundið, kynjað o.s.frv.

Í bókinni er lagt upp með sex meginþemu auk þess sem aftast í henni eru leiðbeiningar og tillögur að notkun hennar, æfingar og verkefni sem kjörið er að nota í samræðustundum.

Fyrsti kaflinn heitir *Var guð upphafið að þessu öllu sama?* Þar er spurt um áhrif trúarbragðanna á kynjamálin. Adam og Eva og Páll postuli sem sagði meðal annars að konur ættu að þegja á safnaðarsamkomum eru dæmi um mál sem vert er að rökræða með kynjagleraugum. Hér er meðal annars spurt: *Ætli það hafi komið til greina hjá guði að skapa fyrst konu í stað karls? Og Ætli það hafi komið til greina hjá guði að skapa tvo karla í stað karls og konu?*

Í öðrum kaflanum er sjónum beint að forngrísku heimspekingunum sem mikil áhrif hafa haft á þróun vestrænna samfélaganna allt fram á okkar dag. Þar er annarsveggar niðurlæging Xanþippu eiginkonu Sókratesar sérstaklega skoðuð og sá hroki sem karlmenn sýndu henni og hinsveggar sú afstaða Aristótelesar að konur væru lægra settar en karlar vegna þess að þær hefðu lægri líkamshita en þeir. Þar er meðal annars spurt *hvort konur séu kaldari en karlar?*

Í þriðja kaflanum eru völd sérstaklega til umfjöllunar og hafa verið valin mál sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum á undanförunum árum s.s. um pakistönsku stúlkuna Malölu, um bæjarstjóran sem bannaði konum að leggja bílum í lítil bílastæði vegna þess að hann taldi að þær væru verri í að leggja bílum en karlar. Þar er einnig fjallað um takmarkanir á hjólræiðum kvenna í Saudi Arabíu og Norður – Kóreu.

Í fjórða kaflanum er fjallað um ástina og mismunandi fjölskyldugerðir. Þar situr m.a. Jacob Zuma forseti Suður – Afríku fyrir svörum þar sem hann sagðist vera mikill jafnréttissinni vegna þess að hann elskaði allar konurnar sínar þrjár jafn mikið.

Fimmti kaflinn kallast *Hversdagslegar kynjamyndir*. Þar er spurt út í mismunandi stöðu kynjanna á vinnumarkaði, á

hárgreiðslustofum, í sundlaugum og tónlistarhúsinu Hörpu. Spurt er meðal annars í þessum kafla: *Hverjir eru kostirnir og gallarnir við það að leyfa fólki að vera í þeim sundfötum sem það vill þegar það fer í sund?*

Sjötti og síðasti kafla bókarinnar heitir: *Skiptir kyn og kynhneigð máli?* Í þessum kafla er sjónum beint að kynleiðréttingu, intersex og hatri gagnvart samkynhneigðum. Þar er meðal annars spurt: *Má maður segja allt sem maður hugsar og finnst? Og Geta pabbar verið mömmur?*

Meginmarkmið bókarinnar er að efla umhugsunarvirknina, að hugsa yfirvegað, mynda sér skoðanir og rökræða. Efni hennar hefur verið notað með mörgum hópum unglinga, bæði kynjaskiptum hópum og blönduðum með góðum árangri. Þegar ég segi góðum árangri þá meina ég að hver hópur fyrir sig hefur nálgast viðfagnsefnið í anda samstarfs þar sem þátttakendur lúta leikreglum heimspekilegrar samræðu. Þar gilda bestu rökin hverju sinni og engin skömm er að því að skipta um skoðun ef eitthvað reynist betra og réttara en virtist í fyrstu. Tekist hefur að koma í veg fyrir að andstæðar fylkingar myndist sem slást í kappræðu í stað málefnglegrar og yfirvegaðrar samræðu.

### **Það þarf að treysta á rökræðuna og leikreglur hennar**

Fyrsti kaflinn, þar sem rætt er um guð og trúarbrögðin með tilliti til kynjamála hefur ekki fallið vel í geð hjá þeim sem óttast afleiðingar trúarheimspekilegra þælinga. Hef ég svarað því til að þegar við tökum mál til umfjöllunar með aðferðum heimspekilegrar samræðu þá er sjálfsagt að ræða allt. Spurt er opinna gagnrýninna spurninga út í þann veruleika sem við búum við og ef við lútum reglum samræðunnar þá hljótum við að komast að bestu mögulegu niðurstöðu hverju sinni. Niðurstaðan liggur ekki fyrir fyrr en að rökræðu lokinni. Þess vegna er ekkert athugavert við að taka allt til heimspekilegrar samræðu.

Bókin *Erum við öll jöfn? Kynjamál og heimspeki* er flokkuð sem

svo kölluð hversdagsheimspeki / heimspeki handa almenningi (e. Popular philosophy). Það er nálgun innan heimspekinnar sem verður sífellt vinsælli víða um heim. Þjónar þessi heimspeki þeim tilgangi að bjóða almenningi, bæði börnum og fullorðnum að borði heimspekilegrar samræðu þar sem hugsað er og rökrætt um hversdagslegt líf. Slík nálgun má ekki vera lokuð inni í menntastofnunum heldur á hún erindi við fólk hvar sem er og hvenær sem er. Heimspeki, sé hún stunduð á þennan hátt er jú líka að einum þræði tómskundagaman sem allir geta stundað og vert er að stunda í góðra vina hópi.

Nú er bara að prófa að taka efni bókarinnar til rökræðu. Góða skemmtun